

Greinargerð með breytingartillögum og öðrum athugasemdum – drög að reglum um NPA í Garðabæ

Drög að reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ voru lagðar fyrir fjölskylduráð Garðabæjar 19. maí 2021 og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks 20. maí 2021. Fjölskylduráð gerði ekki efnislegar athugasemdir við drögin en í kjölfar fundar samráðshóps bárust athugasemdir frá tveimur fundarmönnum. Fundað var með bærarstjóra og bæjarritara um drögin og athugasemdirnar sem bárust höfðu 25. maí sl. og starfsmenn fjölskyldusviðs hafa nú gert breytingar á drögunum til samræmis við þær athugasemdir sem fram hafa komið.

Athugasemdir við 3. gr.

//

liður 5. búseta:

Að tekið sé fram að einstaklingi skuli bjóðast aðstoð við að finna annað húsnæði ef óskað sé eftir því. Í einhverjum tilvikum hafa einstaklingar ekki átt val um annan búsetukost en viljað annað. Það sé skýrt svigrúm til breytinga á búsetu.

Skilgreining á forgangsöröðun umsókna. Hvernig er forgangsraðað? Að taldir séu upp einstaka liðir.

Garðabær er alltaf ábyrgur fyrir því að þjónusta sé veitt á meðan beðið er eftir meðferð umsóknar.

//

Ég skil ekki alveg orðalagið í 1. tl. Einstaklingur skal hafa náð 18 ára aldri og uppfylla kröfur sem fram koma í tölulið 2-5. En svo kemur seinni málslíðurinn um yngri en 18 ára, sem mér skildist á fundinum að ætti að vera undantekningarákveði, en er skv. mínum lesskilningi á málslíðnum gerður jafngildur rétti þeirra sem eru eldri en 18, með því að börn þurfi aðeins að uppfylla tölulið 2 gil 3 til þá geta fengið samning.

Spurning hvort ekki mætti athuga og skýra orðalag og/eða inntak 1. tl. 3. gr. betur?

//

5. tl. 3. gr.

Í 4. ml. segir: „Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegar aðstoðar.“

Mætti hér koma, eða bæta við, að séu þessir einstaklingar yngri en 67 ára hafi þeir þó rétt á að sækja um greiðslu fyrir sérstaka liðveislunni skv. tímaffjölda sem metinn er í hverju tilviki fyrir sig?

Er þessa heimild kannski að finna í öðrum reglum Garðabæjar, eða ef ekki, mætti taka þessa heimild upp? Ég veit til þess að þetta sé heimilt í Kópavogi.

Allir íbúar sveitarfélagsins eiga rétt á **félagslegri ráðgjöf**, þ. á m. um húsnæðismál, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ef umsækjandi er í félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagsins er sérstaklega kveðið á um í reglum Garðabæjar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis nr. 941/2020 að einstaklingum standi til boða ráðgjöf vegna umsóknar um félagslegt húsnæði, þ. á m. vegna umsóknar um flutning í annað félagslegt húsnæði.

Við mat á **forangsöröðun** er tekið mið af þeim atriðum sem koma fram í 4. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsöröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018. Reglugerðin er sett á grundvelli 34. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Í ákvæðinu er m.a. lagt til grundvallar við mat á þörf og forgangi: 1) hversu brýna þörf umsækjandi hafi fyrir þjónustu, 2) félagslegra aðstæðna umsækjanda, 3) færni og styrkleika umsækjanda, 4) hvaða afleiðingar töf á veitingu þjónustu hafi fyrir umsækjanda, 5) samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.

Í 5. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018 er kveðið á um að sveitarfélag skuli tryggja reglubundið samráð við umsækjanda á biðtíma, hann skuli upplýstur um stöðu á biðlista, áætlaða lend biðtíma og þau **úrræði** sem standa honum til boða á biðtímanum.

Almennt skulu umsækjendur um NPA hafa náð 18 ára aldri. Í gildi er einn NPA samningur vegna barns í Garðabæ og ekki þykir rétt á þessum tímapunkti að girða fyrir þann möguleika. Hins vegar er tekið undir það að gera skuli skýrara að það sé einungis í sérstökum tilfellum sem slíkur samningur er gerður vegna barns.

Um liðveislu fer samkvæmt gildandi reglum Garðabæjar hverju sinni um stuðningsþjónustu.

Breytingar gerðar á 3. gr.

Orðunum „í undantekningartilvikum“ bætt við 1. tölul.

1. Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Forsjáráðili fatlaðs barns getur **í undantekningartilvikum** sótt um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir barn sitt, uppfylli það skilyrði 3. gr. reglna þessara.

Málslið bætt við 3. mgr. 3. gr.:

Við mat á forgangsröðun er tekið mið af þeim atriðum sem koma fram í 4. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018.

Athugasemdir við 4. gr.

//

4 gr.

d)

Upplýsingar um virkni: virkni er eitt en gefur ekki alltaf rétta mynd af **getu** því virkni sem í boði er fyllir ekki alltaf upp í getu og vilja vegna framboðsskorts á virkni. Einnig gæti það átt við vegna þess að einstaklingur hefur ekki NPA/þjónustu til að hafa möguleika á að vera í þeirri virkni sem möguleg væri.

Tekið er undir að ekki þarf að krefjast upplýsinga um stuðningsþjónustu sem umsækjandi nýtur á umsóknartíma né upplýsingar um virkni umsækjanda á þessu stigi máls. Upplýsingar um þetta koma fram við gerð heildstæðs mats á stuðningsþörf sem framkvæmt er skv. 5. gr. reglnanna.

Þess ber þó að geta að upplýsingar um virkni umsækjanda skiptir eingöngu máli þegar kemur að úthlutun vinnustunda skv. NPA samningi. Ekki er horft á virkni umsækjanda á umsóknartíma þegar stuðningsþörf er metin.

Breytingar gerðar á 4. gr.

Liðir c- og d- teknir út.

Bætt við nýjum c-lið til samræmis við reglur Reykjavíkur og Kópavogs um fylgigögn um staðfestingu á fötlun.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn fylgja, eftir því sem við á:

- a) Örorkumat eða umönnunarmat
- b) SIS-mat
- c) **Staðfesting á fötlun, svo sem með læknisvottorði**
- e) ~~Upplýsingar um þá stuðningsþjónustu sem umsækjandi nýtur í dag~~

~~d) Upplýsingar um virkni umsækjanda, s.s. nám, atvinnuþátttaka, tómstundir, endurhæfingu, félagsstarf o.s.frv.~~

Athugasemdir við 6. gr.

//

6. gr

„...rúmist innan fjárhagsáætlunar sveitarfélags.“ Í stað komi að NPA samningar séu bundinn liður í fjárhagsáætlun líkt og fjárhagsaðstoð er.

//

Í fyrri mgr. er kveðið á um 25% framlag ríkisins: „...Ef umsókn er samþykkt skal setja fyrirvara um samþykki fyrir hlutdeild ríkisins í samningsfjárhæð (25%) og að kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins rúmist innan fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.“

Mér hefur skilst að eftir innleiðingartímabilið, þ.e. frá ársbyrjun 2023, falli niður þetta skilgreinda 25% framlag ríkisins og að málaflokkurinn falli þá allur undir sveitarfélögin og verði þá alfarið á þeirra ábyrgð. Ef það er rétt, þarf þá ekki að umorða þessa málsgrein?

//

Mér finnst hér vanta tímamörk á afgreiðslu umsókna, þ.e. hámark vikna eða mánuða frá því að umsókn berst sveitarfélagi og þar til svar verður sent umsækjanda.

Endurskoða þarf reglur Garðabæjar um NPA eftir að innleiðingarferli lýkur og verkefnið verður hugsanlega komið alfarið á borð sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir núverandi NPA samningum í fjárhagsáætlun Garðabæjar. Eðli samninganna er sá að mikill kostnaður fylgir framkvæmd þeirra og að erfitt er að gera ráð fyrir ótilkomnum NPA samningum í fjárhagsáætlun þegar forsendur líkt og fjöldi þeirra, ef nokkrir verða, og umfang liggja ekki fyrir.

Hvað varðar tímamörk á afgreiðslu umsókna er hægt að vísa hér með beinum hætti til 34. gr. laga nr. 38/2018 sem kveður á um skjóta afgreiðslu mála og aðra þjónustu sem veita skal á biðtíma.

Við nánari skoðun þótti rétt að bæta við tilvísun í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem eitt af þeim atriðum sem afgreiðsla umsóknar byggir á. Er það t.a.m. gert í reglum Kópavogsbæjar.

Breytingar gerðar á 6. gr.

Orðunum „og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins“ bætt við 1. ml. 1. mgr. 6. gr.
Bætt við tilvísun í 34. gr. laga nr. 38/2018.

Að loknu mati á stuðningsþörf er umsókn lögð fyrir afgreiðslufund stuðnings- og stoðþjónustu. Afgreiðsla umsóknar byggir á fyrirliggjandi mati, SIS mati, öðrum viðeigandi gögnum **og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins**. Ef umsókn er samþykkt skal setja fyrirvara um samþykki fyrir hlutdeild ríkisins í samningsfjárhæð (25%) og að kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins rúmist innan fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Niðurstaðan skal vera skrifleg og rökstudd og tilkynnt umsækjanda með formlegum hætti í gegnum þjónustugátt Garðabæjar svo fljótt sem unnt er, **sbr. 34. gr. laga nr. 38/2018**. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi laga, reglugerða og reglna sveitarfélagsins.

Athugasemdir við 8. gr.

//

8 gr

Notandi á alltaf að eiga rétt á almennri félagsþjónustu líkt og aðrir íbúar, aðstoð eða samtöl við félagsþjónustuna. Þrátt fyrir NPA samning.

Þjónusta skv. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, um félagslega ráðgjöf, fellur ekki niður.

Athugasemdir við 10. gr.

//

10. gr

Fjöldi aðstoðarverkstjórnartíma hámark 16 klst verði felldir út.

Í drögum að reglum NPA í Garðabæ og reglugerðinni kemur fram að þurfi notandi á aðstoð við verkstjórn að halda skuli hann fela einum úr hópi aðstoðarfólks síns til að sinna því verkefni. Hlutverk aðstoðarverkstjórnanda er því viðbótarverkefni við annað starf aðstoðarmannsins í þágu notandans. Hlutverki aðstoðarverkstjórnanda getur starfsmaður alla jafna sinnt á vinnutíma með notandanum. Aðstoðarverkstjórnandi ber faglega ábyrgð á verkstjórninni, þ.e. að skipulag hennar sé fullnægjandi, starfsfólk starfi samkvæmt skýru verklagi, fái leiðbeiningar um störf sín og að starfsskilyrði séu góð. Aðstoðarverkstjórnandi kemur þó ekki að persónulegum ákvörðunum notanda, þ. á m. ákvörðunum um eigin fjárhag. Vakin er athygli á aðskildu hlutverki og skyldum umsýsluaðila skv. IV. kafla reglugerðar um NPA nr. 1250/2018. Sjá t.a.m. 12. gr. reglugerðarinnar.

Nágrannasveitarfélög eru með svipuð hámark í vinnureglum sínum en kveða ekki skýrt á um það í birtum reglum. Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi ramma til að vinna með. Það stuðlar að gagnsæi og fyrirsjáanleika að skýrt sé kveðið á um þann ramma í reglunum. Notandi getur áfrýjað ákvörðun um aðstoðarverkstjórnartíma til fjölskylduráðs, sbr. 3. mgr. 21. gr. reglnanna.

Athugasemdir við 12. gr.

//

12 gr

5% í annan starfsmannakostnað. Skilgreindur sé kostnaður fyrir einstaklinga sem búa við að halda úti starfsmannahaldi inni á heimili. Það getur til að mynda falist í stærra húsnæði til að hafa auka herbergi fyrir aðstoðina og wc pappír og allt þar á milli.

//

Seinasta setning mgr. er mjög fastskorðuð en setningin þar á undan er mjög opin. Annað hvort þyrfti að fella niður lokasetninguna eða hafa ítarlegri upptalningu sem tekur til alls mögulegs starfsmannakostnaðar, sem til viðbótar við [fyrri athugasemd] gæti verið; hlífðarfatnaður, kostnaður vegna aðbúnaðar starfsmanns/-a, matar- og kaffikostnaður, aksturspeningar, starfsmannastyrkir (eins og fyrirtæki bjóða starfsmönnum sínum almennt upp á), styrkir sem nýtast í starfi eins og til þjálfunar, námskeiða og endurmenntunar,

//

„Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla sé nýtt þann mánuð sem við á....heimilt er að færa á milli mánaða þrjá mánuði í senn.” Að gengið sé út frá almanaksári samkvæmt handbók NPA.

//

Það mætti setja hér inn ákvæði um heimild til að ráðstafa starfsmannakostnaði á milli mánaða innan almanaksársins.

//

Hér mætti koma fram hvenær taxtar eru uppreiknaðir og hvenær hækkarir taka gildi.

Skilgreiningu á öðrum starfsmannakostnaði er að finna í reglugerð um NPA og handbók félagsmálaráðuneytisins um NPA (sjá bls. 12 í handbókinni). Það kemur ekki í hlut Garðabæjar

að skilgreina hann með öðrum hætti. Tekið er undir að fella út upptalningu dæma um annan starfsmannakostnað.

Meginstefna reglnanna er sú að fjármagnið skuli nýtt á mánaðarlegum grunni. Í reglunum er þó veitt svigrúm til að nýta fjármagnið milli mánaða, að hámarki innan þriggja mánaða tímabils hverju sinni. Ef fella ætti niður þriggja mánaða hámark þyrfti að taka upp meira eftirlit með nýtingu fjármagnsins.

Bætt hefur verið við 2. mgr. 12. gr. setningu um árlega endurskoðun fjárhæða vinnstunda.

Breytingar á 12. gr.

Málsliðurinn „svo sem til greiðslu ferðalaga, samgangna, aðgöngumiða o.þ.h.“ felldur út úr 1. mgr. 12. gr.

Fjárhæðir vegna hverrar vinnustundar skulu skiptast þannig að 85% af hverri vinnustund fara í laun og launatengd gjöld aðstoðarfólks, 10% skal renna í umsýslukostnað og 5% í annan starfsmannakostnað, svo sem til greiðslu ferðalaga, samgangna, aðgöngumiða o.þ.h. Notanda eða umsýsluaðila er óheimilt að ráðstafa framlagi sem ætlað er til starfsmannakostnaðar með öðrum hætti en hér greinir.

Bætt við 2. mgr. 12. gr. setningunni: „Fjárhæðir vinnustunda eru endurskoðaðar ár hvert.“

*Framlagið tekur mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum. Fjárhæðir eru greiddar fyrir hverja vinnustund. Að jafnaði er greitt samkvæmt þrískiptum taxa: grunntaxti, án hvíldarvakta og með hvíldarvöktum. **Fjárhæðir vinnustunda eru endurskoðaðar ár hvert.***

Athugasemdir við 13. gr.

Við nánari skoðun þótti rétt að skýra nánar hlutverk forsjáraðila í þeim tilvikum þar sem um er að ræða NPA samning fyrir fatlað barn. Litið er svo á að í forsjarskyldum felist hlutverk verkstjórnanda. Barn telst almennt ekki vera verkstjórnandi í sínu daglega lífi enda undir forsjá forsjáraðila. Í því tilliti þykir skjóta skökku við ef foreldrar fatlaðra barna sinni jafnframt aðstoðarverkstjórn. Foreldrar geta ekki verið bæði verkstjórar og aðstoðarverkstjórnendur.

Breytingar á 13. gr.

Málsliðnum „Foreldrar fatlaðra barna með notendastýrða persónulega geta ekki verið skilgreindir sem aðstoðarverkstjórnendur“ bætt við 4. mgr. 13. gr.

Í þeim tilvikum sem foreldrar fatlaðra barna hafa sótt um notendastýrða persónulega aðstoð og umsýsla NPA samnings vegna fatlaðs barns er í þeirra höndum geta þeir ekki á sama tíma verið skilgreindir sem starfsmenn. Þegar umsýsla NPA samnings er í höndum annara en foreldra geta foreldrar verið skilgreindir sem starfsmenn að því gefnu að það þjóni hagsmunum barnsins best. **Foreldrar fatlaðra barna með notendastýrða persónulega geta ekki verið skilgreindir sem aðstoðarverkstjórnendur.**

Athugasemdir við 14. gr.

//

*Í 1. mgr. segir: [...]**Mætti ekki hér tilgreina tímann, þ.e. a.m.k. mánuði áður en samningur/samningstímabil rennur út og kemur að endurnýjun samnings og eins hver það er sem boðar til samtalsins?*

//

*Í 2. mgr. segir: [...]**Hér mætti skilgreina tímamörk á tímabundinni dvöl. Er hér líka átt við hvíldarinnlögn sem getur verið frá helgi/viku í tvær til fjórar vikur? Í undantekningartilfellum lengur.*

Lagt er til að koma til móts við þessar athugasemdir eins og að neðan greinir.

Breytingar á 14. gr.

Málsliðum bætt við 1. mgr. 14. gr. :

Samningsaðilar skulu að minnsta kosti á 12 mánaða fresti gera stöðumat á framkvæmd NPA, eða a.m.k. einum mánuði áður en samningi lýkur, þar sem horft er til almennrar framvindu þjónustunnar, kannað hvernig aðstoðin er að nýtast og hvort öðrum skilyrðum samnings sé fullnægt. Starfsmaður fjölskyldusviðs hefur frumkvæði að gerð stöðumatsins.

Breyting á 2. mgr. 14. gr. – lögheimilisflutningur fluttur fyrr í málsgreinina og upptalning dæma felld út (s.s. sjúkrahúslegu). Orðinu „verulegar“ bætt við 2. mgr.

Notandi skal tilkynna fjölskyldusviði Garðabæjar tímanlega um lögheimilisflutning og verulegar breytingar á högum sínum sem varðað geta breytingar á framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili, s.s. sjúkrahúslegu.

Athugasemdir við 15. gr.

//

*15 gr**Er snýr að skyldum notanda bæta við skyldu sveitarfélagsins. Fjölskyldusvið skal tryggja að fjármagn dugi til að notandi geti uppfyllt skyldur sínar bæta því inn.*

//

*Stangast 12. og 15. gr. ekki á tímalega séð? Þarf eki að samræma og velja annaðhvort skýrsluskil á 3ja eða 6 mánaða fresti?**Hvað hefur fjölskyldusvið við mánaðarlegar upplýsingar um ráðstöfun vinnustunda að gera þegar heimilt er að færa vinnustundir á milli mánaða? Er ekki nóg að fá þessar upplýsingar í 3ja / 6 mánaða skýrslum.*

Vinnustundum er úthlutað af sveitarfélaginu á grundvelli metinna stuðningsþarfa og í samráði við notanda með það að leiðarljósi að koma til móts við þarfir hans. Samningsfjárhæð NPA samnings er ákvörðuð á grundvelli einstaklingssamnings um NPA og samkomulagi um úthlutun vinnustunda. Umsýsluaðili ber ábyrgð á að ráðstafa fjármununum í samræmi við samninginn.

Ákvæði 16. gr. reglnanna snýr að skyldum fjölskyldusviðs Garðabæjar.

Tekið er undir athugasemd um að samræma skýrsluskil, þ.e. á þriggja mánaða fresti að lágmarki. Hins vegar verði umsýsluaðilum heimilt að skila skýrslum oftari en er það ekki skylt.

Breytingar á 15. gr.

Orðið „mánaðarlega“ tekið út og orðunum „a.m.k. á þriggja mánaða fresti“ bætt við 1.mgr. 15. gr.

Umsýsluaðili/notandi skal skila fjölskyldusviði Garðabæjar ~~mánaðarlega~~ a.m.k. á þriggja mánaða fresti yfirliti um hve margar vinnustundir hafa verið nýttar. Umsýsluaðili/notandi skal leggja fram og skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til að fullnægja skyldum sínum.

Athugasemdir við 19. gr.

//

Ég legg til að síðari málslíður falli niður og tekið verði út orðin „allt að“, þ.e. að samningsfjárhæð verði alltaf greidd í 3 mánuði eftir andlát notanda, þar sem almennt í vinnurétti er gert ráð fyrir 3ja mánaða uppsagnarrétti starfsmanna.

Almennt verður greitt samkvæmt NPA samningi notanda þrjá mánuði eftir andlát hans en ef ráðningarsamningur við starfsmann rennur út á styttri tíma verður einungis greitt til loka ráðningarsamnings. Það þarf að vera heimild til þess í reglunum svo ekki sé verið að greiða starfsmanni umfram ráðningarsamning.